



## Dansæfing



Dansæfingar verða í Ljósvetningabúð  
föstudagskvöldið 15.janúar frá kl.20:30-22:30.  
Allir hjartanlega velkomnir  
Miðaverði 1000 kr

Stjórnin



## Kirkjuskóli í Þorgeirskirkju

Kirkjuskóli verður í Þorgeirskirkju laugardaginn  
16. janúar kl. 11.00. Um er að ræða hressandi  
stund fyrir alla fjölskylduna. Söngur, biblíusaga,  
brúður, Nebbapáttur, biblíumynd og plakat.  
Fermingarbörn sérstaklega hvött til að  
mæta. Sjáumst í kirkjuskólanum. Verið  
velkomin!



## Til handverkskvenna milli heiða

### Stjórn H.M.H.

Ásrún Aðalsteinsdóttir	Búðarsíðu 8
Guðrún V. Ásgeirsdóttir	Hallgilstöðum
Kristín Ketilsdóttir	Lækjavöllum
varastjórn :	
Þuríður Sveinsdóttir	Arndísarstöðum
Þuríður Davíðsdóttir	Hrísgerði

Kristín Ketilsdóttir gefur ekki kost á sér lengur

### Stjórn Goðafossmarkaðar

Lotta W. Jakobsdóttir	Rauðafelli
Sæunn Gestsdóttir	Eyjardalsá
Margret Jónsdóttir	Fitjum

varastjórn :  
Helga A. Erlingsdóttir Landamótaseli  
Sigrún Hringsdóttir Lundarbrekku 2

Lotta W. Jakobsdóttir gefur ekki kost á sér lengur

Hópstýrur skili tilnefningum til kjörstjórnar  
fyrir 15. febrúar 2016

Stjórnirnar

## ELDRI BORGARAR Í ÞINGEYJARSVEIT TAKIÐ EFTIR

Sparidagar á hótél Örk í Hveragerði verða 13.-18.mars . Verð á mann í tveggjamanna herbergi 49.900 kr , í einsmans 59.400 kr

sími er 483 4700 best er að þið pantið sjálf, frekari upplýsingar um skemmtiatriði getið þið fengið í þessu númeri eða hjá Sigurði í síma 8690294

Stjórn FEBÞ

## Þorablót Fnjóskdæla

Verður haldið laugardagskvöldið 30. janúar í Stórutjarnaskóla kl. 20:30.

Af því tilefni óskar nefndin eftir botnum við eftirfarandi fyrriparta.

Háma ég í mig sauðasviðin saltkjöt, rengi og bjúgu fin

Hörfa skuggar, hækkar sól heldur nálgast vorið

Elskum, döðrum, drekkum vín, dýrkum holdsins kenndir.

Fagurt er í Fnjóskadal fjöldi þangað sækir

Ástin sanna alltaf ræður öllum mínum hugsunum.

Bráðum verður gatan greið gegnum Vaðlaheiði.

Höfuðskáldið Ingvar Olsen tekur við skáldskapnum á netfangið [fornholar@simnet.is](mailto:fornholar@simnet.is) eða eftir öðrum leiðum.



Uppbyggingarsjóður auglýsir viðveru menningarfulltrúa vegna úthlutunar styrkja úr sjóðnum. Viðtalstímar verða sem hér segir:

Laugum	1. febrúar kl. 11-12	Skrifstofu Þingeyjarsveitar
Mývatnssveit	1. febrúar kl. 13-14	Skrifstofu Skútustaðahrepps
Kópasker	3. febrúar 10.30-12	Skrifstofu Norðurþings
Raufarhöfn	3. febrúar kl. 13-15	Skrifstofu Norðurþings
Þórshöfn	4. febrúar kl. 9-11	Skrifstofu Langanesbyggðar
ÞórshöfnHúsavík	4. febrúar kl. 14-16	Menningarmiðstöð Þingeyinga

Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi.



Mötuneyti Framhaldsskólans á Laugum óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf á starfstíma skólans (nú mánuðir og ein vika). Í starfinu felst fyrst og fremst vinna í þvottahúsi. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf 23. febrúar 2016.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn í tölvupósti á [sarngrim@laugar.is](mailto:sarngrim@laugar.is) eða senda hana á Framhaldsskólinn á Laugum, 650 Laugar. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2016. Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari í síma 464-6301.

Mötuneyti Framhaldsskólans á Laugum

## Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra auglýsir eftir umsóknum um styrki til menningar

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra veitir **verkefnastyrki til menningarverkefna og stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála**. Sjóðurinn er hluti af samningi um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019.

- Í ár lítur uppbyggingarsjóður sérstaklega til verkefna sem jafna stöðu kynjanna og aldurshópa á svæðinu. Auk þess hafa þær umsóknir forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða.
- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðarlaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og lista
- Verkefni sem fela í sér listsköpun fólks á aldrinum 18-25 ára
- Verkefni sem fela í sér samstarf við önnur lönd á sviðið menningar og lista

Við mat á umsóknum um stofn og rekstrarstyrki lítur uppbyggingarsjóður til eftirtalinna atriða

- Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs
- Stuðla að nýsköpun í menningarstarfi
- Styðja við menningarstarfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu

Umsóknum skal skilað rafrænt til uppbyggingarsjóðs á netfangið [uppbygging@eything.is](mailto:uppbygging@eything.is) á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Menningarráðs Eyþings. **Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar. Tilkynnt verður um úthlutun í apríl.** Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér verklagsreglur uppbyggingarsjóðs á heimasíðu Eyþings [www.eything.is](http://www.eything.is) Nánari upplýsingar um styrki til menningar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir [menning@eything.is](mailto:menning@eything.is) sími 464 9935. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [uppbygging@eything.is](mailto:uppbygging@eything.is)

## Auglýsing um Opið hús 2016



*Kæru eldri borgarar í Bingeyjarsveit gleðilegt ár og þakkir fyrir árið sem var að kveðja okkur.*

Opið hús verður eins og áður alltaf á þriðjudögum.

<b>Bingeyjarskóli</b>	19.jan9.feb. 1.mar. 5.apr. 26.apr.
<b>Litlulaugaskóla</b>	26.jan 16.feb. 8.mar. 12.apr. 3.maí
<b>Stórutjarnaskóli</b>	2.feb. 23.feb 15.mar. 19.apr. 10.maí

### **Í Reykjadal verður Opið hús áfram í Litlulaugaskóla. Þægilegast er að keyra upp að skóla að austan og ganga þar inn.**

Hádegismatur er í boði á öllum stöðum kl. 13:00 og kostar 700 kr.. Það er nauðsynlegt að láta vita fyrir hádegi daginn áður ef fólk vill fá hádegismat.

<b>Bingeyjarskóli</b>	<b>sími 464-3583</b>
<b>Litlulaugaskóli</b>	<b>sími 464-3166</b>
<b>Stórutjarnaskóli</b>	<b>sími 464-3222</b>

### **Dagskrá hefst kl. 14:00.**

Það verður ýmislegt til skemmtunar s.s. söngur, hljóðfæraleikur, myndasýningar og upplestur. Eins og áður verður spiluð félagsvist í Stórutjarnaskóla. Það er líka hægt að hittast og spjalla saman eða hafa meðferðis handavinnu. Við höldum líka áfram með leikfimi á öllum stöðum. Ef einhverjir vilja koma með og flytja efni til skemmtunar og fróðleiks þá er það að sjálfsgöðu vel þegið.

**Opið hús er á vegum Bingeyjarsveitar og fólk þarf ekki að vera í Félagi eldri borgara til þess að taka þátt.**

*Allir eru hjartanlega velkomnir.*

**Umsjónarfólk :**

<b>Ásta Hersteinsdóttir</b>	sími 461-2203 og 849-461
<b>Anna Geirlaug Kjartansdóttir</b>	sími 464-3154 og 861-3154
<b>Halla L. Loftsdóttir</b>	sími 464-3562 og 867-6747
<b>Hrefna Sævarsdóttir</b>	sími 464-3454 og 821-3454



## Kynningarfundir um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Þingeyjarsveit

Kynningarfundir verða haldnir fyrir íbúa um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Þingeyjarsveit sem tekið verður upp á þessu ári. Á fundinum munu sveitarstjóri ásamt fulltrúa frá Gámaþjónustu Norðurlands segja frá innleiðingu á nýju flokkunar- og endurvinnsluferfi og svara fyrirspurnum. Upplýsingabæklingur er nú þegar aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins um úrgangsmál og endurvinnslu. Bæklingurinn hefur einnig verið sendur út til allra íbúa.

Fundirnir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

**Félagsheimilinu Ýdölum, þriðjudaginn 19. janúar kl. 20:00**

**Félagsheimilinu Breiðumýri 20. janúar kl. 20:00**

Íbúar eru eindregið hvattir til að mæta, fá svör við fyrirspurnum og hafa tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.

Sveitarstjóri



## Þorrablót Eflingar 2016

Þorrablót Eflingar verður haldið á Breiðumýri laugardagskvöldið 6. febrúar.

Hljómsveitin 76 mafían leikur fyrir dansi.

Nánar auglýst síðar  
Nefndin

•tbl.  
14. jan  
2016  
23. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Þorrablót umf Einingarinnar í Bárðardal 2016



Verður haldið laugardagskvöldið 23. janúar og hefst kl. 20:30  
Húsið opnar kl. 19:45. Dúkar, diskar og glös verða á staðnum  
en fólk tekur sjálft með sér hnífapör

Miðaverð 2300 krónur. **Ath EKKI POSI.** 16 ára aldurstakmark  
Elvar Bragason og Hljómsveit munu leika fyrir dansi að  
borðhaldi loknu

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 20:00  
miðvikudagskvöldið 20. janúar til

Diku á Bjarnastöðum í síma 464-3218  
eða netfangið [lio@simnet.is](mailto:lio@simnet.is)



Hægt er að greiða aðgangseyri inn á reikning 1110-26-580 kt.  
600799-2589 fyrir kl. 16:00 föstudaginn  
22. Janúar

Og senda kvittum á  
netfangið [lio@simnet.is](mailto:lio@simnet.is)



Nefndin